

29. október

1

Hann opnar augun og veit ekki hvar hann er staddur. Eða hvar hann var þegar hann missti meðvitund. Munnurinn er þurr, honum er óglatt og það er eins og þvingur séu skrúfaðar á bæði gagnaugun.

Hann er taugatrekktur og hræddur.

Einhver kjökrar og hann snýr höfðinu, en tjald umlykur rúmið á þrjá vegu og hann sér ekkert nema það sem í rökkrinu virðist grátt og dauðhreinsað.

Hann lítur niður eftir líkama sínum. Sængin rétt nær upp fyrir nafla, samt er hann ekki að drepast úr kulda. Hann hefur litla tilfinningu fyrir líkamanum.

Rafskaut eru fest á brjóstkassann og þegar hann lyftir vinstra handleggnum sér hann lítinn hlut úr plasti klemmdan utan um vísifingur og á upphandlegg er gráblá mansétta frá blóðþrýstingsmælinum.

Skyndilega rennur allt upp fyrir honum og hann stekkur úr einum óþægilegum raunveruleika í annan.

Hann stingur annarri hendinni undir sængina og fálmar eftir limnum, en í fyrsta sinn á sextíu ára ævigöngu sinni fær hann þá tilfinningu að limurinn tilheyri honum ekki. Meira eins og hann sé einhver aðskotahlutur.

Plastslanga hefur verið þrædd inn í þvagrásina. Hann er við það að þeyta sænginni af sér til að sjá hvað þeir eru búnir að gera við hann, en hættir við. Hann þorir það ekki og dregur höndina að sér. Þrátt fyrir að hann bíti saman tönnum byrja tárin að renna látlaust niður kinnarnar.

Spítalar eru honum framandi staðir. Hann hefur aldrei áður orðið alvarlega veikur og hefur í raun aðeins komið á spítala til

Þess að heimsækja aðra. Einungis einu sinni þurfti hann sjálfur að fara undir hnífinn, en það var fyrir fimmtíu árum.

Hann lokar augunum og sér sjálfan sig sitja aleinan á hörðum, dökkbrúnum trébekk sem er fyrir miðju á löngum gangi, með ljósgræna vegg og svarthvítt terrassógólf. Hann er í hvítum kyrtli sem nær honum niður á hné. Fætturnir ná ekki niður á gólf og dingla fram og til baka af taugaspennu. Nunna í síðri, grárri dragt gengur í áttina að honum. Köld birtan frá ljósinu í loftinu endurspeglast í umgjardarlausum gleraugum hennar og hann sér ekki hvort augnaráðið er vinsamlegt en vonar að svo sé. Núna er röðin komin að þér, segir hún. Hann rennir sér niður af bekknum og lendir skjálfandi á fótleggjunum. Hún réttir fram höndina. Hún er köld og þurr. Nunnan stýrir honum á mildan en ákveðinn hátt í áttina að dyrum, sem hún opnar. Hann stífnar upp og starir inn í hálförökkrið. Mamma, hvíslar hann og gengur inn.

Hann litast um og kemur auga á aðra nunnu, sem situr á stól fyrir miðju gólfinu, í skærum, strýtulögudum ljósgeisla. Hún er með stóra, dökkgræna gúmmísvuntu og hann á ekki í erfðleikum með að ímynda sér hvaða hlutverki svuntan gegnir og hann er við það að fara að bresta í grát þegar honum er fylgt til hennar. Andlit nunnunnar er eins og bleik gríma með stór augu og lítinn, samanherptan munn. Þögul grípur hún í hann og lyftir honum í fang sér og snýr honum á magann. Hann reynir að streitast á móti og í örvæntingu ýtir hann lófunum á mjúkt, kalt gúmmíð á mjöðmum hennar og lærum en nunnan, sem lyktar af sætum lakkrísbrjóstsykri, herðir bara takið.

Hin nunnan kemur til þeirra. Þú skalt ekki vera hræddur, litli vinur, segir hún, þetta tekur enga stund, ég held meira að segja að þú náir ekki að telja upp að tuttugu. Svo beygir hún sig niður og þrýstir andlitsgrímu yfir munn hans og nef. Gríman er bleytt með einhverju með væminni og sterkri lykt og hann heldur niðri í sér andanum þar til hann getur ekki meira og etergufa þrýstist ofan í lungun. Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex, sjö ... tíu ... fimmtán ...

Hann opnar augun. Þetta var hversdagsleg aðgerð í þá daga – einfaldasta skurðaðgerð sem var framkvæmd. Enginn deyr við það að hálskirtlar eða separ eru fjarlægðir. En barnsleg hræðslan situr enn í honum.

Í þetta sinn er það verra.

Hann snýr höfðinu og sér út undan sér töflu fyrir ofan höfðagaffinn og öll tækin, með upplýstum gröfum og tölum sem vakta lífsmörkin. Hann byrjar að skjálfa.

Þetta er eitthvað miklu verra.

6. nóvember

2

Signe Kristiansen treður bílnum einhvern veginn inn á milli lögreglubíls og vörubíls og drepur á honum. Hún situr stundarkorn með báðar hendur á stýrinu og horfir tómum augum út um framrúðuna. Hún finnur enn fyrir þunganum af hendi hans á vinstri öxlinni, þessari viðbjóðstilfinningu og reiði sem braust út innra með henni af einhverjum fítonskrafti og hafði næstum tekið af henni völdin. Þetta hvísl hans um að ekkert hafi breyst í ofbeldisglæpadeildinni þetta ár sem hún var í burtu. Að litla leyndarmálið þeirra sé öruggt.

Að loforðið um að segja engum frá standi enn.

Hvað hún hatar Troels Mikkelsen af öllu hjarta.

Signe reynir að láta eins og hún finni ekki fyrir höfuðverknum sem er að gjósa upp, en það er eins og kurri í ennisblaðinu. Hún beygir sig fram, opnar hanskahólfið, tekur út skilti merkt lögreglunni og setur í framrúðuna. Svo fer hún út úr bílnum, lokar á eftir sér og stendur eitt andartak með andlitið upp í rokið og hnusar út í loftið eins og ákafur veiðihundur. Hana svíður í augun og það byrjar að leka úr þeim. Í köldum og rökum nóvemberdeginum er enn hægt að finna fyrir táragsinu. Klukkan er rétt farin að ganga fjögur, ekki byrjað að rökkva, en á þessum árstíma skiptir það litlu máli. Nótt eða dagur? Allt rennur saman í einhver blæbrigði af gráu.

Hún lítur í kringum sig. Venjulega er þetta róleg gata í Ytri Nørrebro, en nú er hér aragrúi af fólki, fréttamönnum og blaðaljósmyndurum í bland, – friðlausum eins og hýenum sem flakka um í leit að bráð, – einhverjum sem varð vitni að einhverju. Eða hefur að minnsta kosti einhverja skoðun á því hvað gerðist. Signe lagði bílnum fyrir utan vel viðhaldið

fimm hæða hús. Hún horfir upp eftir því. Þrátt fyrir kuldann standa margir glugganna upp á gátt og forvitnir íbúarnir hafa stungið höfðinu út til að geta fylgst með atburðarásinni neðar í götunni. Þrátt fyrir að ekki sé óvenjulegt að fólk sé á gangi í Nørrebro verður að viðurkennast að það er ekki oft sem svona ofbeldisfullir og blóðugir atburðir eiga sér þar stað.

Hún opnar farangursrýmið og nær í poka sem inniheldur hvítan samfesting, grímu og plasthlífar fyrir skó. Lögreglan, klædd dökkbláum óeirðabúningi, stendur í hnapp og ræðir hljóðlega sín á milli. Í um 50 metra fjarlægð hefur lögreglubíl verið lagt þvers yfir götuna og varúðarljósir eru blikkandi. Hún fær kuldahroll og blótar lágt þegar hún áttar sig á að vindjakinn, sem hún fór í yfir þunna peysu, er ekki sérlega heppilegur klæðnaður. En hún gat svo sem ekki vitað að fyrsta daginn eftir ársfrí frá ofbeldisglæpadeildinni myndi hún lenda í þessu.

Hún gengur af stað í áttina að Balders Plads og hittir fjóra samstarfsmenn sem standa á gangstéttinni.

»Nei, hver fjandinn, Kristiansen.«

Hávaxinn maður gengur í átt til hennar og tekur lambhúshettuna af sér.

»Teis,« segir hún og klappar honum brosandí á öxlina. Árið sem hún vann í öryggismáladeildinni hafði hún eytt mörgum klukkutímum með Teis Olsen í eftirlitsbíl lögreglunnar.

»Jæja, er ekki gott að vera komin úr einkennisbúningnum?« spyr hann.

Hún yppir öxlum. »Tja ... jú, það er helvíti fínt. Fyrir utan að ég er að drepast úr kulda.«

»Mér er ekki kalt. Við höfum reyndar verið á töluverðri hreyfingu síðasta klukkutímamann.«

»Já, ég get ímyndað mér það.«

»Hvers vegna ert þú komin hingað?«

»Eruð þið ekki búnir að fréttu það? Einn lést af völdum áverka. Einhver nýnasisti líklega, en það er ekki búíð að bera kennsl á hann. Hann á víst að hafa verið stunginn á hol. Og tveir aðrir eru í krítisku ástandi.«

»Já, ég sá á sjúkraflutningamönnum að þeir réðu ekki við allan þennan fjölda með áverka.«

»Hvað gerðist eiginlega? Það er eins og þetta hafi farið allverulega úr böndunum.«

»Það má segja það. Við vorum bara beðnir um að koma hingað til að veita hægrisinnaða erkifflinu, Claes Sidenius, vernd. Hann hafði boðað til mótmælafundar með löglegum hætti og fyrirfram básúnað að hann ætlaði að brenna eitt eða tvö eintök af Kóraninum. Við vorum því þrjátíu sem mættum hingað til þess að tryggja stjórnarskrárvarinn rétt hans til að skíta yfir allt og alla, svo það sé nú bara sagt hreint út.«

»Þrjátíu? Það hljómar eins og þokkaleg mönnun.«

»Þetta gekk líka ágætlega. Eða þannig séð. Auðvitað var mótmælaganga á móti mótmælunum ... stuðningsfólk innflytjenda, gengjameðlimir og óháðir, en þú veist, við höfðum góða stjórn á þessu. Þangað til að ...«

Hann hristir höfuðið.

»Þangað til hvað?«

»Þangað til að hingað marséruðu þrjátíu eða fjörutíu nýnasistar upp Tagensvej, nánast eins og þruma úr heiðskíru lofti. Þeir streymdu hingað með hávaðalæti og þá birtust gengjameðlimir úr hverfinu og á núll einni var allt farið til fjandans. Það er fyrst núna sem einhver ró er að færast yfir svæðið. Fyrir utan að það eru stanslaust að brjótast út minniháttar slagsmál um allt. Það er töluvert í að við getum yfirgefið svæðið.«

»Veistu hvar yfirmaðurinn er?«

»Ég sá hann síðast í bílnum hans, hérna ... þegar þú kemur inn á torgið, farðu þá til vinstri, fram hjá leikvellingum og alveg niður að Baldersgade.«

»Hver er við stjórn?«

»Sem yfirmaður? Það er Damgaard.«

»Axel Damgaard. Þetta er þá í góðum höndum.«

»Það er rétt. Jæja, við sjáumst fljótlega.«

Nokkru seinna sýnir Signe lögreglumönnum, sem eru að

halda almenningi frá vettvangi, lögregluskjöldinn sinn. Hún beygir sig undir skáröndótt lögreglulímband og gengur í áttina að Baldersgade. Trén á torginu hafa felld laufin sem liggja eins og blautar, marglitaðar brautir, á ójafni, hellulagðri stéttinni. Axel Damgaard stendur við hliðina á bíl sérsveitarinnar og ræðir við einkennisklæddan lögregluþjón. Hún hefur hitt Damgaard margoft. Hann hefur tekið þátt í fjölda aðgerða af þessu tagi, hann heldur alltaf góðri yfirsýn og notar aldrei harkalegri aðferðir en algjör nauðsyn krefur.

»Signe Kristiansen! Aftur orðin óeinkennisklædd,« segir hann og brosir.

Signe brosir á móti. »Já. Algjörlega nýtt líf. Eða nýtt og ekki nýtt ...«

»Nei, þú hefur svo sem verið í þessu áður. Þú ert auðvitað hérna vegna mannsins sem var drepinn.«

Hún kinkaði kolli. »Þetta hefur einkennst af ofbeldi, skilst mér.«

»Það má svo sannarlega segja það.« Hann tekur af sér húfuna, klórar sér aðeins í hausnum og setur kasketið aftur upp. »Þetta verður sífellt harðskeyttara.«

»Var táragsi beitt?«

»Já. Þrátt fyrir liðsaukann sem okkur barst hefðum við aldrei náð að stía hópunum í sundur ef við hefðum ekki notað það. Og þá hefðu fleiri látið lífið, er ég nokkuð viss um.«

Signe neri saman höndunum til þess að fá smá hita í þær. »Hvernig gat svona stór hópur nýnasista safnast saman án þess að við fengjum veður af því? Þeir líta ekki beint út eins og leikskólabörn á ferðalagi.«

»Góð spurning. Ef við hefðum vitað af því að þeir væru á leiðinni hefðum við gert þetta allt öðruvísi.«

Hún snýr sér við og horfir yfir torgið. »Hvar gerðist þetta?«

»Það er útiborðtennisborð niðri í hinum endanum.«

Signe færir sig aðeins til hliðar.

»Sérðu það?«

Hún kinkar kolli. »Hmm. Algjörlega þakið veggjakroti?«

»Já. Við fundum hann þar. Lá í stórum blóðpolli. Það er ekki hægt að komast hjá því að sjá hann.«

»Ég þarf að biðja þig að loka svæðinu þar sem hann fannst.«

»Ég geng strax í málið.«

Rétt hjá er kaffihús sem Signe hefur tvisvar sinnum komið á. Borðum og bekkjum frá staðnum er dreift yfir stórt svæði fyrir utan. Þetta er eins góður staður og hver annar til að byrja að spyrjast fyrir um hvort einhver hafi einhverja vitneskju um morðið og fá um leið eitthvað heitt að drekka, hugsar hún með sér, en í ljós kemur að hvorki gestir né þjónar urðu vitni að verknaðinum. Signe kaupir sér stóran latte til að taka með og gengur út á torgið.

Myrkríð er alveg að skella á. Tæknideild lögreglunnar og samstarfsfólk Signe frá ofbeldisglæpadeildinni er mætt. Hún fer í hlífðarsamfestinginn og gengur í átt að borðtennisborðinu. Innan aflokaða svæðisins eru tæknimenn að störfum við að tryggja að fótspor og önnur tæknileg sönnunargögn séu vernduð. Signe kastar kveðju á rannsóknarfólkið.

»Hvaðan kemur þú?« spyr Geir Jensen, grannur, húmorslaus maður með rautt hár sem lítur alltaf út eins og hann hafi verið að koma út úr vindgöngum. Hann er á aldur við Signe og er búinn að vera í ofbeldisglæpadeildinni í mörg ár, lengur en hún og er yfirmaður morðhluta deildarinnar. Signe hefur aldrei getað áttað sig á því hvort hann er hæfur í stöðuna eða bara duglegur við að líta þannig út.

»Frá kaffihúsinu þarna hinum megin. Ég var að athuga hvort einhver hefði tekið eftir einhverju óvenjulegu, en svo var ekki. Ertu yfir rannsóknarteyminu hér?«

Geir kinkar kolli. »Við skulum ekki búast við einhverju miklu frá þeim. Þetta er allt einn hrærigrautur af blóði og erfðaefni. Ég veit ekki til þess að þeir hafi fundið morðvopnið sem, ef við eigum að vera alveg hreinskilin, er eina leiðin til þess að knýja fram svör um hvað gerðist hérna.«

»Þar að auki þurfum við að vera svo heppin, hafi einhver vitni verið að þessu, að þau vilji yfir höfuð segja okkur frá því sem

þau sáu,« bætir Signe við. »Gengjameðlimir eru ekki líklegir til að vilja aðstoða lögregluna, þótt það kæmi sér illa fyrir óvini þeirra. Og öfgavinstrihópar og nýnasistar eru á sömu blaðsíðunni.«

»Já, en við vitum hvernig þetta gengur fyrir sig. Ég legg til að við bönkum upp á í öllum íbúðunum sem snúa út að torginu. Ef við erum heppin hittum við einhvern sem sá eitthvað.«

3

Signe þarf að hringja bjöllunni á fjórum íbúðum, áður en svarað er á þriðju hæð.

»Já, reyndar sá ég allt. Allavega heilmikið,« segir ungi íbúinn sem opnar dyrnar. Hann heitir Johan Garn.

»Ókei. Má ég koma inn?«

»Auðvitað.«

Þau ganga inn í stofuna, sem snýr út að torginu. Signe sest í slitinn sófa, Johan við eldhúsborðið.

»Ég veit ekki hvort þú hefur frétt það, en einn af mótmælendunum lét lífið.«

»Jú, ég sá það á netinu.«

»Hann fannst rétt við bordtennisborðið og það er nokkurn veginn beint fyrir neðan gluggann hjá þér.«

»Já, og það var einmitt þar sem hann var drepinn.«

»Sástu þegar það gerðist?«

»Já, ég sá það.«

»Geturðu lýst því fyrir mér?«

»Ekkert mál. En viltu ekki frekar sjá það sjálf?«

»Sjá það?« Signe settist fram á sófabríkina. »Ertu með ...?«

»Já, ég tók það allt upp.«

Hún rís á fætur, tekur fram eldhússtól og sest við hlið hans. Hann ýtir tvisvar á takka á fartölvunni og opnar hana betur svo Signe sjái líka á skjáinn.

Myndgæðin eru lygilega góð og Signe sendir stutta þakkarbæn til guðsins sem ber ábyrgð á þessari ótrúlega hröðu þróun myndgæða í símamyndavélum. Þegar tíu mínútur eru liðnar af myndskaiðinu er þysjað á bordtennisborðið, þar sem tveir nýnasistar eru umkringdir tíu svartklæddum mótmælendum.